

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/90/EB

2008/EES/76/11

frá 6. október 2003

um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 5) Rétt er að tryggja samræmi milli viðmiðunarreglna skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu og skilyrða fyrir samþykki fyrir því að yrkjum verði bætt við innlendar skrár í aðildarríkjunum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði <sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/180/EBE frá 14. apríl 1972 um einkenni og lágmarksskilyrði við skoðun á stofnum nytjajurta í landbúnaði <sup>(2)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/8/EB <sup>(3)</sup>, er, með tilliti til opinbers samþykkis fyrir því að yrkjum [σ: stofnum] verði bætt við skrár aðildarríkjanna, kveðið á um hvaða eiginleikar [σ: einkenni] skuli að lágmarki falla undir athuganir á mismunandi tegundum og hvaða lágmarksskilyrði skuli uppfylla við athuganirnar.
- 2) Stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO), sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994 um tilkall til plöntuafbrigða í Bandalaginu <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1650/2003 <sup>(5)</sup>, hefur gefið út viðmiðunarreglur um skilyrði fyrir athugun á yrkjum að því er tilteknar tegundir varðar.
- 3) Viðmiðunarreglur, þar sem sett eru skilyrði fyrir athugunum á yrkjum, eru fyrirbyggjandi á alþjóðlegum vettvangi. Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) hefur samið viðmiðunarreglur um prófanir.
- 4) Tilskipun 72/180/EBE var breytt með tilskipun 2002/8/EB til að tryggja samræmi milli viðmiðunarreglna skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu og skilyrða fyrir athugun á yrkjum með tilliti til samþykkis fyrir því að þeim verði bætt við innlendar skrár yfir yrki í aðildarríkjunum, að svo miklu leyti sem skrifstofan fyrir plöntuyrki í Bandalaginu hefur sett viðmiðunarreglur. Skrifstofan fyrir plöntuyrki í Bandalaginu hefur gefið út viðmiðunarreglur um ýmsar aðrar tegundir.

- 6) Rétt er að byggja kerfi Bandalagsins á viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja hafi skrifstofan fyrir plöntuyrki í Bandalaginu enn sem komið er ekki samið sértækar viðmiðunarreglur. Innlend lög gilda um þær tegundir sem falla ekki undir þessa tilskipun.

- 7) Tilskipun 72/180/EBE ber því að fella úr gildi.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrkjum nytjaplantna í landbúnaði, sem fullnægja kröfunum sem eru settar fram í 2. og 3. mgr., verði bætt við innlendar skrár í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/53/EB.

2. Að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni:

- a) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í I. viðauka, uppfylla skilyrðin sem stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu mælir fyrir um í „Bókun um prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika“ og tilgreind eru í þeim viðauka,
- b) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, fullnægja viðmiðunarreglunum sem Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja samdi um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og tilgreindar eru í þeim viðauka.

3. Að því er varðar ræktunar- eða notkunargildi skulu yrkin uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í III. viðauka, sbr. þó 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 18.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 108, 8.5.1972, bls. 8.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 7.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1.

(<sup>5</sup>) Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 28.

## 2. gr.

Kanna skal alla eiginleika yrkja í skilningi a-liðar 2. mgr. 1. gr. og alla eiginleika sem eru merktir með stjörnu (\*) í viðmiðunarreglunum, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., svo framarlega sem athugun á eiginleikum er ekki óframkvæmanleg sökum þess að aðrir eiginleikar koma fram og svo framarlega sem umhverfisaðstæður við prófun koma ekki í veg fyrir að eiginleikar komi fram.

## 3. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, að því er varðar tegundir sem eru skráðar í I. og II. viðauka, að lágmarkskröfum við framkvæmd athugana, að því er lýtur að útfærslu prófunar og vaxtarskilyrðum, sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglunum sem um getur í þeim viðaukum, sé fullnægt meðan á þeim stendur.

## 4. gr.

Tilskipun 72/180/EBE er felld úr gildi.

## 5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

## 6. gr.

1. Ef yrki hafa ekki verið samþykkt í sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði við gildistöku þessarar tilskipunar og opinberar athuganir hófust fyrir þann dag í samræmi við ákvæði annaðhvort

a) tilskipunar 72/180/EBE eða

b) viðmiðunarreglna skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu, sem eru tilgreindar í I. viðauka, eða viðmiðunarreglna Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja, sem eru tilgreindar í II. viðauka, allt eftir tegundum,

skulu þau yrki teljast fullnægja kröfum þessarar tilskipunar.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu því aðeins gilda að prófanir leiði til þeirrar niðurstöðu að yrkin samrýmist þeim reglum sem settar eru fram annaðhvort í

a) tilskipun 72/180/EBE eða

b) viðmiðunarreglum skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu, sem eru tilgreindar í I. viðauka, eða viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja, sem eru tilgreindar í II. viðauka, allt eftir tegundum.

## 7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*I. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR TEGUNDIR SEM SKULU FULLNÆGJA VIÐMIÐUNARREGLUM SKRIFSTOFUNNAR FYRIR PLÖNTUYRKI Í BANDALAGINU**

Sólfífill, bókun TP-8 frá 31.10.2002	Harðhveiti, bókun TP-120 frá 27.3.2002
Bygg, bókun TP-19 frá 27.3.2002	Máis, bókun TP-02 frá 15.11.2001
Rúgur, bókun TP-58 frá 31.10.2002	Kartöflur, bókun TP-23 frá 27.3.2002
Hveiti, bókun TP-03/2 frá 27.3.2002	

Þessar bókanir eru fyrirliggjandi á vefsíðu skrifstofunnar fyrir plöntuyrki í Bandalaginu ([www.cpvo.eu.int](http://www.cpvo.eu.int)).

*II. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR TEGUNDIR SEM SKULU FULLNÆGJA LEIÐBEINANDI VIÐMIÐUNARREGLUM ALÞJÓÐASAMBANDSINS UM VERNÐ NÝRRA PLÖNTUYRKJA**

Fóðursykkurrófa, viðmiðunarregla TG/150/3 frá 4.11.1994	Gráerta, viðmiðunarregla TG/7/9 frá 4.11.1994 (og leiðrétting 18.10.1996)
Týtulíngresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 12.10.1990	Rauðsmári, viðmiðunarregla TG/5/7 frá 4.4.2001
Stórlíngresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 12.10.1990	Hvítsmári, viðmiðunarregla TG/38/7 frá 9.4.2003
Skríðlíngresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 12.10.1990	Hestabaunir, viðmiðunarregla TG/8/6 frá 17.4.2002
Hálingresi, viðmiðunarregla TG/30/6 frá 12.10.1990	Fóðurflækja, viðmiðunarregla TG/32/6 frá 21.10.88
Sólfax, viðmiðunarregla TG/180/3 frá 4.4.2001	Gulrófur, viðmiðunarregla TG/89/6 frá 4.4.2001
Sitkafax, viðmiðunarregla TG/180/3 frá 4.4.2001	Fóðurhredkur, viðmiðunarregla TG/178/3 frá 4.4.2001
Axhnóðarpunktur, viðmiðunarregla TG/31/8 frá 17.4.2002	Jarðhnetur, viðmiðunarregla TG/93/3 frá 13.11.1985
Tágavingull, viðmiðunarregla TG/39/8 frá 17.4.2002	Akurfrækál, viðmiðunarregla TG/185/3 frá 17.4.2002
Sauðvingull, viðmiðunarregla TG/67/4 frá 12.11.1980	Fóðurrepja, viðmiðunarregla TG/36/6 frá 18.10.1996 (og leiðrétting 17.4.2002)
Hávingull, viðmiðunarregla TG/39/8 frá 17.4.2002	Litunarþistill, viðmiðunarregla TG/134/3 frá 12.10.1990
Túnvingull, viðmiðunarregla TG/67/4 frá 12.11.1980	Baðmull, viðmiðunarregla TG/88/6 frá 4.4.2001
Ítalskt rýgresi, viðmiðunarregla TG/4/7 frá 12.10.1990	Hör/hörfræ, viðmiðunarregla TG/57/6 frá 20.10.1995
Fjölært rýgresi, viðmiðunarregla TG/4/7 frá 12.10.1990	Ópiumvalmúi, viðmiðunarregla TG/166/3 frá 24.3.1999
Rýgresisblendingur, viðmiðunarregla TG/4/7 frá 12.10.1990	Hvítur mustarður, viðmiðunarregla TG/179/3 frá 4.4.2001
Vallarfoxgras, viðmiðunarregla TG/34/6 frá 7.11.1984	Sojabaunir, viðmiðunarregla TG/80/6 frá 1.4.1998
Vallarsveifgras, viðmiðunarregla TG/33/6 frá 12.10.1990	Hafrar, viðmiðunarregla TG/20/10 frá 1.10.1994
Hvít lúpína, viðmiðunarregla TG/66/3 frá 14.11.1979	Hrísgrjón, viðmiðunarregla TG/16/4 frá 13.11.1985
Lensulúpína, viðmiðunarregla TG/66/3 frá 14.11.1979	Dúrra, viðmiðunarregla TG/122/3 frá 6.10.1989
Gul lúpína, viðmiðunarregla TG/66/3 frá 14.11.1979	Rúghveiti, viðmiðunarregla TG/121/3 frá 6.10.1989
Refasmári, viðmiðunarregla TG/6/4 frá 21.10.1988	

Þessar viðmiðunarreglur eru fyrirliggjandi á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja ([www.upov.int](http://www.upov.int)).

*III. VIÐAUKI***EIGINLEIKAR SEM VARÐA ATHUGUN Á RÆKTUNAR- EÐA NOTKUNARGILDI**

1. Afrakstur.
  2. Þol gegn skaðlegum lífverum.
  3. Virkni með tilliti til þátta í náttúrulegu umhverfi.
  4. Gæðaeiginleikar. Þegar niðurstöður eru lagðar fram skal tilgreina hvaða aðferðir eru notaðar.
-